



## Reglur um útleigu á íbúðarhúsnæði í eigu sveitarfélagsins Strandabyggðar

Samþykktar í sveitarstjórn Strandabyggðar 21. júní 2011

1. Strandabyggð getur leigt út íbúðarhúsnæði í eigu sveitarfélagsins, bæði tímabundið og ótímabundið. Gerðir eru skriflegir samningar við leigutaka og er miðað við þriggja mánaða uppsagnarfrest af beggja hálfu. Heimilt er að tengja leigugjald við vísitölu. Leigugjald skal taka mið af verði á almennum markaði á svæðinu og jafnframt stærð, aldri, gerð og ástandi húsnæðis.
2. Sveitarfélagið áskilur sér rétt til að breyta leiguverði samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar. Tilkynna skal leigutökum um slíkt áður en breytingin tekur gildi með þriggja mánaða fyrirvara.
3. Sveitarstjórn getur tekið ákvörðun um að selja leiguíbúðir og íbúðarhús í eigu sveitarfélagsins. Skylt er að tilkynna leigutaka um slíka ákvörðun þegar hún liggur fyrir.
4. Þegar íbúðarhúsnæði losnar er meginregla að það tiltekna húsnæði skuli auglýst opinberlega til leigu og óskað eftir umsóknum. Þeir sem þegar hafa lýst yfir áhuga á leiguhúsnæði í eigu sveitarfélagsins þurfa að endurnýja umsókn sína hverju sinni. Miðað skal við að auglýsing sé uppi á viðteknum stöðum í sveitarfélaginu og jafnframt birt á vef Strandabyggðar í að minnsta kosti 10 daga áður en umsóknarfrestur rennur út. Í einstökum tilfellum getur sveitarstjórn vegna sérstakra aðstæðna tekið formlega ákvörðun um að fyrirkomulag sé annað.
5. Áður en íbúðarhúsnæði í eigu sveitarfélagsins er úthlutað til leigu skal leita eftir umsögn félagsmálastjóra Stranda og Reykhólahrepps um hvort þörf sé fyrir úthlutun þess á grundvelli félagslegra aðstæðna og sjónarmiða.
6. Sveitarstjórn skal á fundi sínum fjalla um og úthluta leiguíbúðum samkvæmt fyrirbyggjandi umsóknum með hliðsjón af aðstæðum umsækjenda.
7. Fara skal með umsóknir sem trúnaðarmál.